

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. September 2018

Efni: Þjóðarsjóður (Mál nr. S-131/2018, FJR18080052)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum á framfæri um Þjóðarsjóð. Ráðið telur að hugmyndin um Þjóðarsjóð og upplegg hans endurspegli alltof sjaldgæfa fyrirhyggju og langtímahugsun í stjórnámálum og því ber að fagna. Þó að hugmyndafræðin sé í rétta átt eru nokkur atriði sem þarfnast nánari skoðunar áður en Þjóðarsjóður er stofnaður:

Helstu atriðin sem Viðskiptaráð vill koma á framfæri eru eftirfarandi:

- Efast má um hvort stofnun Þjóðarsjóðs sé rétt forgangsröðun þegar aðrir innlendir aðilar sækja í auknum mæli erlendis og ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar eru nærri tvöfaldar á við fyrirhugaðan sjóð.
- Raunveruleg hætta á að lánalínur ríkissjóðs verði lokaðar við alvarleg áföll ætti að vera skilyrði fyrir stofnun Þjóðarsjóðs.
- Til að takmarka neikvæð áhrif og fórnarkostnað sjóðsins ætti söfnun hans að vera hæg og kanna ætti að setja þak á stærð hans.
- Þó að Þjóðarsjóður sé nú áætlaður án áður boðaðra tengsla við örvun nýsköpunar vill Viðskiptaráð ítreka að mikilvægi þess að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja í nýsköpun, sem og annarra, er jafn brýnt og áður.

Er stofnun Þjóðarsjóðs rétt forgangsröðun?

Samkvæmt tillögnum er ráðgert að framtíðarstærð sjóðsins verði um 10% af landsframleiðslu, eða 250-300 ma.kr., sem verði fjárfest erlendis. Um er að ræða mikla fjármuni sem samsvara útflutningi sjávarafurða í 15-18 mánuði miðað við árið 2017. Hafa verður í huga að fórnarkostnaður af slíkum sjóði er annað hvort lægri skattar á fólk og fyrirtæki eða minni ríkisútgjöld. Þannig getur sjóðurinn kallað á hærri skatta en ella, a.m.k. til skemmri tíma. Einnig er skautað framhjá því að stofnun sjóðsins getur takmarkað möguleika innlendra fjárfesta á því að fjárfesta erlendis þar sem viðskiptaafgangur getur verið takmarkandi þáttur. Í þessu sambandi koma lífeyrissjóðirnir fyrst upp í hugann. Innstreymi í þá er og verður mikið næstu ár og að auki bendir flest til þess að þeir muni vilja færa eignir í auknum mæli erlendis¹. Þjóðarsjóður gæti því verið í beinni samkeppni við sjóðina á gjaldeyrismarkaði og hugsanlega takmarkað þeirra möguleika á að ná fram hagstæðri eignadreifingu.

Í sambandi við lífeyrissjóði er enn fremur umhugsunarvert að arðgreiðslum vegna orkuauðlinda skuli ekki vera forgangsráðað til fjármögnunar lífeyrisskuldbindinga. Ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar

¹ Sjá erindi forstöðumanns Greiningardeildar frá 18. apríl 2018:

<https://www.arionbanki.is/library/skrar/Netpostur/Greiningardeild/Tenglar/Sp%C3%A1%20um%20anna%C3%B0%20-%20%C3%BAtsent.pdf> og skýrslu Hagfræðistofnunar um umsvif lífeyrissjóða:
http://hhi.hi.is/sites/hhi.hi.is/files/sjz/lifeyrissjodir_lokaskjal_25okt_0.pdf

B-deildar LSR námu 619 ma.kr. í árslok 2017 skv. fjárlagafrumvarpi, en þar er um að ræða útgjöld sem nær öruggt er að munu að öllu leyti falla á ríkissjóð.

Verða AGS eða aðrar lánalínur ekki til staðar við innlendar hamfarir?

Tilgangur sjóðsins er að bregðast við afar fátíðum og alvarlegum atburðum. Stofnun sjóðsins virðist ganga út frá því að við slíkar aðstæður, ef þær koma upp, sé það ekki valkostur fyrir ríkissjóð að sækja lánsfjármagn erlendis. Að mati Viðskiptaráðs þarf að svara því hvort sá möguleiki sé fyrir hendi því annars er ríkið að binda mikla fjármuni með áðurnefndum fórnarkostnaði. Í það minnsta má stofnun sjóðsins ekki kom í stað annarrar hagstjórnar sem býr í haginn fyrir erfiðari tíma, t.d. ábyrg peningastefna, öguð ríkisfjármál og sjálfbær skipan vinnumarkaðar.

Hæg söfnun og þak á eignir sjóðsins

Þó að Viðskiptaráð lýsi efasemdum um sjóðinn á þessu stigi málsins getur verið að svarið við ofangreindum spurningum leiði til þess að stofnun Þjóðarsjóðs sé skynsamleg. Í því samhengi vill Viðskiptaráð leggja til tvennt við útfærslu sjóðsins umfram það sem kemur fram. Í fyrsta lagi ætti að byggja Þjóðarsjóðinn upp hægt til að takmarka raskandi áhrif á sparnað og fjármagnsflæði til og frá landinu. Gert er ráð fyrir að söfnun sjóðsins taki 15-20 ár en jafnvel má færa þá tímalengd nær 25-30 árum og setja hámark á greiðslur inn í sjóðinn. Annars vegar má kanna að setja takmarkanir á hversu stór sjóðurinn getur orðið sökum þess hve hár fórnarkostnaður slíks sjóðs getur orðið.

Örvun nýsköpunar má ekki á vera á kostnað Þjóðarsjóðs

Viðskiptaráð fagnar því að stofnun Þjóðarsjóðs sé ekki sérstaklega tengd átaksverkefnum í nýsköpun og uppbyggingu hjúkrunarrýma, líkt og áður leit út fyrir.² Nýsköpun er t.a.m. fjárfesting til framtíðar og ef aðgerðir í þágu nýsköpunar eru ábatasamar er Þjóðarsjóður ekki skilyrði þeirra. Viðskiptaráð vill því halda til haga að mikilvægt er að auka veg nýsköpunar hér á landi og vonar að stjórnvöld gefi ekki eftir í fyrirheitum þar um, til dæmis þegar kemur að hækkun og loks afnámi þaks á endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Nýlega fjallaði ráðið um að undanfarin ár hafi átt sér stað hljóðlát sókn í alþjóðageiranum, eða þeim útflutningsgreinum sem byggja ekki sérstaklega á auðlindum landsins.³ Í þeim geira eru blikur nú á lofti og því nauðsynlegt að stjórnvöld setji í forgang aðgerðir til að bæta rekstarumhverfi fyrirtækja, einkum í alþjóðlegri samkeppni.

Viðskiptaráð leggur til að athugasemdir og ábendingar sem hér koma fram verði hafðar að leiðarljósi við gerð frumvarpsins, ef til þess kemur, og býður fram krafta sína við frekari vinnu á því. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er reiðubúið að skýra þessa umsögn nánar og svara spurningum, sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson
Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

² Sjá Skoðun um Þjóðarsjóð: <https://medium.com/@vidskiptarad/radstofun-ur-ostofnudum-sjodi-b54856cf2398>

³ Sjá Skoðun um Alþjóðageirann: <https://medium.com/@vidskiptarad/hlj%C3%B3%C3%B0l%C3%A1t-s%C3%B3kn-al%C3%BEj%C3%B3%C3%B0ageirans-f216f32a1fc>